Nr. 20.
3.
október.

# Lög

um

## viðauka við lög 8. nóv. 1895 um hagfræðisskýrslur.

**Vjer Christian hinn Níundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Hvert það fjelag, er hjer á landi rekur þá starfsemi, að taka að sjer lífsábyrgð eða slysaábyrgð, og teljast þar til sjúkrasjóðir, eða að vátryggja gegn eldsvoða eða öðru tjóni, skal senda landshöfðingja fyrir 1. dag aprílmánaðar hvers árs ágrip af reikningum sínum fyrir síðastliðið reikningsár, og eptir nákvæmri fyrirmynd, er landshöfðingi fyrir skipar, stutta yfirlitsskýrslu yfir allar ábyrgðir, er það hefur tekið að sjer hjer á landi og í gildi eru við lok sama reikningsárs, sjerstaklega fyrir hverja tegund ábyrgðar, sem fjelagið tekur að sjer, og ennfremur yfir áætluð iðgjöld eða tillög á síðastliðnu reikningsári fyrir ábyrgðir fjelagsins hjer á landi, yfir inngoldin iðgjöld eða tillög, útborgaðar ábyrgðir og greiddan sjúkrastyrk hjer á landi á sama tímabili. Ákvæði greinar þessarar ná þá eigi til útlendra vátryggingarfjelaga, að því leyti sem þau tryggja fyrir sætjóni.

2. gr.

Þegar skýrslur þær, sem greindar eru í 1. gr., eru sendar landshöfðingja í fyrsta sinn, skal senda með þeim eitt eintak af samþykktum fjelagsins, skilyrðum þeim, sem sett eru fyrir ábyrgðum hjer á landi, ábyrgðarbrjefafyrirmyndum, fyrirmyndum, er við hafa skal, þegar gjörðir eru ábyrgðarsamningar hjer á landi, iðgjaldaskrám og yfir höfuð öllu prentuðu, sem almenningi er ætlað að lesa.

Ef breytingar verða síðar gjörðar á reglunum fyrir starfsemi fjelagsins, eins og þær eru samkvæmt þessum skýrslum, skal senda hinar nýju samþykktir eða annað prentað mál viðvíkjandi breytingunni til landshöfðingja um leið og sendar eru skýrslur þær, er greindar eru í 1. gr., fyrir það reikningsár, er breytingin hefur verið gjörð á.

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18de September 1891.

# Lov

om

## Tillæg til Lov 8de November 1895 om statistiske Tabeller.

Nr. 20. 3die Oktober.

**Vi Christian den Niende,** af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

*Gøre vitterligt:* Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Ethvert Selskab, der i Island driver Livsforsikringsvirksomhed eller Ulykkesforsikring, herunder Sygekasser, eller forsikrer mod Brandskade eller anden Skade, skal være pligtigt inden hvert Aars 1ste April til Landshøvdingen at indsende et Udtog af Selskabets Regnskaber for dets sidste Regnskabsaar samt paa et af Landshøvdingen nærmere fastsat Skema en summarisk Angivelse af samtlige af Selskabet ved Udløbet af dets sidste Regnskabsaar her i Landet tegnede og i Kraft værende Forsikringer, særskilt for hver af Selskabet benyttet Forsikringsart, samt af de i Selskabets sidste Regnskabsaar af Forsikringer her i Landet beregnede Præmier eller Kontingenter, den her indvundne Præmie- eller Kontingentindtægt og de her udbetalte Forsikringsbeløb eller den her ydede Sygehjælp. Bestemmelserne i denne Paragraf omfatte ikke udenlandske Forsikringsselskaber, for saa vidt som de forsikre mod Søskade.

§ 2.

Første Gang de i § 1 ommeldte Oplysninger indsendes, skulle de være ledsagede af et Eksemplar af Selskabets Vedtægter, de til Anvendelse her i Landet bestemte Forsikringsbetingelser, Policeformularer, Formularer, der skulle benyttes ved Tegning af Forsikringer her i Landet, Præmietariffer og overhovedet alle Tryksager, bestemte til at læses af Publikum.

Sker der senere Forandring i det saaledes oplyste Grundlag for Virksomheden, skulle de nye Vedtægter eller andre af Forandringen berørte Tryksager indsendes samtidig med de i § 1 omhandlede Oplysninger for det Regnskabsaar, hvori Forandringen er sket.

Nr. 20.
3. október.

3. gr.

Nú kemur fram við skipti á dánarbúi eða þrotabúi lífsábyrgð eða slysaábyrgð, er greiðast skal, eða það kemur í ljós við skiptin, að hinn látni eða þrotamaðurinn hefur tryggt líf sitt eða verið tryggður gegn slysum, er skiptarjettur, executor testamenti eða erfingjar, sem skipta sjálfir, skyldir að senda landshöfðingja skýrslu um upphæð ábyrgðarinnar og um það, hjá hvaða fjelagi hún sje og með hvaða kjörum áður liðinn er fullur mánuður frá skiptalokum.

4. gr.

Vanræksla á að senda landshöfðingja á lögboðnum tíma skýrslur þær, er nefndar eru í 1.—3. gr., varðar sektum frá 10—200 kr. Hafi ábyrgðarfjelag gjört sig sekt í þessari vanrækslu, og það hefur heimilisfang á Íslandi, skal stjórn fjelagsins sæta sektunum. Eigi fjelagið heimilisfang erlendis, skal erindreki þess eða fulltrúi hjer á landi sæta sektunum.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalíuborg, 3. október 1903.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Christian R.***

(L. S.)

***Alberti.***

Nr. 20. Lög 3. október um viðauka við lög 8. nóv. 1895 um hagfræðisskýrslur.

§ 3.



Kommer under Skifte af Døds- eller Konkursbo nogen Livsforsikring eller Ulykkesforsikring til Udbetaling, eller konstateres det under et saadant Skifte, at den Afdøde eller Fallenten har været livsforsikret eller ulykkesforsikret, er vedkommende Skifteret, executor testamenti eller selvskiftende Arvinger pligtige senest en Maaned efter Skiftets Slutning at indberette til Landshøvdingen Størrelsen af den paagældende Forsikring, saa vel som i hvilket Selskab og paa hvilke Betingelser den har været tegnet.

§ 4.

Undladelse af rettidig Indsendelse af de i §§ 1—3 ommeldte Oplysninger straffes med Bøder fra 10 til 200 Kr. Er Forsømmelsen begaaet af et Forsikringsselskab, idømmes Bøden Selskabets Bestyrelse, saafremt det har Hjemsted i Island. Har det Hjemsted andetsteds, idømmes Bøden den, der her driver Virksomhed som Selskabets Agent eller Repræsentant.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

**Givet paa Amalienborg, den 3die Oktober 1903.**

**Under Vor Kongelige Haand og Segl.**

***Christian R.***

(L. S.)

***Alberti.***

---

**Ministeriet for Island, den 3die Oktober 1903.**

***Alberti.***

*Ólafur Halldórsson.*